



Fréttabréf Brekkuskóla

1. apríl 2016
5. tbl. skólaárið 2015- 2016
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur



Svipmyndir úr
skólastarfinu

Ágæta skólasamfélag

Dagarnir fram að páskaeyfi voru viðburðaríkir hjá okkur. Nokkrir árgangar voru með morgunmóttökum þar sem nemendur tóku á móti foreldrum og sýndu verk sín. Skólinn átti góðan útivistardag í Hlíðarfjalli, við fengum líka leikskólabörn í heimsókn. Upplestrarkeppnin í 7. bekk fór fram og þann 6. apríl verður Stóra upplestrarkeppnin haldin samkvæmt venju í Menntaskólanum á Akureyri. Þar munu nemendur okkar keppa við aðra nemendur í 7. bekk grunnskólanna á Akureyri. Þann 12. apríl ætla nemendur í Tónlistarskólanum á Akureyri að halda tónleika á sal Brekkuskóla fyrir alla nemendur skólans. Tónlistarskólinn fagnar 70 ára afmæli á þessu ári og heldur upp á það með því m.a. að bjóða upp á þessa tónleika. Hæfileikahátíðin Brekkuvision verður á sínum stað, þann 15. apríl verður 8. –10. bekkur með sína keppni og 19. apríl fær 5. - 7. bekkur að láta hæfileika sína í ljós.

Framundan er svo vorið góða grænt og hlýtt og þá gerum við ráð fyrir að fara meira út að leika og læra. Í ár höldum við Brekkuskólaleika í maí og þar sem nú er ólympíuár er ætlunin að gera leikunum enn hærra undir höfði.

Með vorkveðju úr Brekkuskóla

Útivistardagur



Leikskólabörn í heimsókn



Morgunmóttaka hjá 1. bekk



Brekkuskóli

v/Laugargötu
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

MENNTAMÁLASTOFNUN

Í vetur unnu matsmenn á vegum Menntamálastofnunar ytra mat á starfi Brekkuskóla. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla og til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðslufyrirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Óhætt er að segja að þessir þættir hafi í heildina komið vel út en þar birtast líka tækifæri til umbóta sem Brekkuskóli mun leggja sig fram um að vinna að. Matsskýrsla hefur verið send skólanum og sveitarstjórn þar sem fram koma nánari niðurstöður. Hún verður aðgengileg á heimasíðu skólans, ráðuneytis og Menntamálastofnunar. Gerð verður áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til og ráðuneyti fylgist með að þeim verði framfylgt.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill - apríl 2016

					1. Gúllas, kartöflur, salat og ávextir	2.
3.	4. Plökkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir.	5. Lasagne, brauð, salat og ávextir.	6. Stóra upplestrar-keppnin. Brauðaður fiskur, kartöflur, salat, sósa og ávextir.	7. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	8. Grjónagrautur, slátur og ávextir.	9.
10.	11. Hakk, spaghetí, salat og ávextir.	12. Tónleikar Tónlistar-skólans á Akureyri. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	13. Lambasnitsel, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	14. Fiskiréttur í ofni, kartöflur, salat og ávextir.	15. Brekkuvision 8.-10. Súpa, brauð, álegg og ávextir.	16.
17.	18. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir.	19. Brekkuvision 5.-7. Buff, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	20. Litla upplestrar-keppnin. Öfnsteiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	21. Sumardagurinn fyrsti Frídagur	22. Starfsdagur Frístund lokuð	23.
24.	25. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	26. Kjötbollur, kartöflur, grænmeti og ávextir.	27. Öfnbökud ýsa, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	28. Lambapottréttur, kartöflumús, salat og ávextir.	29. Pasataréttur, brauð, salat og ávextir.	30.



Brekkuskóli tók þátt í Skólahreysti 16. mars 2016

Í Skólahreysti keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda. Liðið okkar skipuðu Þórey Edda Þórleifs-dóttir, Jónatan Marteinn Jónsson, Dagur Gautason og Svala Björk Svavarsdóttir, ásamt þeim Rannveigu Katrínu Arnarsdóttur og Agli Bjarna Gíslasyni. Þau stóðu sig öll með þryði og voru skólanum til sóma sem og áhorfendur sem skemmtu sér konunglega í Höllinni.



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir